



## Minnisblað til bæjarstjórnar Mosfellsbæjar

**Efni:** Endurskoðun reglna um skráningu fjárhagslegra hagsmuna bæjarfulltrúa og trúnaðarstörf utan bæjarstjórnar

**Dags:** 26. ágúst 2022

**Málsnúmer:** 202208680/-

**Málsmeðferð:** Til umfjöllunar

**Starfsmaður:** Arnar Jónsson, starfandi bæjarstjóri og Þóra M. Hjaltsted, Lögmaður Mosfellsbæjar

---

Í 5. gr. siðareglna kjörinna fulltrúa í Mosfellsbæ er fjallað um hagsmunaárekstra þar sem m.a. kemur fram að stjórnarsýslusvið Mosfellsbæjar haldi skrá, og birti opinberlega, um fjárhagslega hagsmuni bæjarfulltrúa, svo og um trúnaðarstörf þeirra utan bæjarstjórnar í samræmi við reglur þar um.

Á 530. fundi bæjarstjórnar þann 24. febrúar 2010 voru samþykktar reglur um skráningu fjárhagslegra hagsmuna bæjarfulltrúa í samræmi við framangreint. Við vinnslu þeirra reglna var horft til þágildandi reglna Reykjavíkurborgar og Alþingis vegna alþingismanna.

Við upphaf nýs kjörtímabils hafa reglurnar verið endurskoðaðar. Til hliðsjónar við þá vinnu voru nýlega endurskoðaðar reglur annarra sveitarfélaga m.a. Reykjavíkurborgar auk núgildandi reglna Alþingis um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum alþingismanna og trúnaðarstörfum utan þings.

Helstu breytingar eru að bætt hefur verið við kafla um skráningu skulda, sjálfskuldarábyrgða og annarra ábyrgða tengdum rekstri fasteigna annarra en vegna kaupa á íbúðarhúsnæði eða bifreið til eigin nota eða námsláni eða öðrum ráðstöfunum sem ekki tengjast atvinnurekstri. Þá er uppsetningu breytt og nánari ákvæði sett um skráninguna, ábyrgð og eftirfylgni.

Jafnframt er lagt til að skráning samkvæmt reglunum verði valkvæð. Í núgildandi reglum Mosfellsbæjar hefur bæjarfulltrúum verið skylt að leggja uppfylla reglurnar um skráningu fjárhagslegra hagsmuna sem byggist á ákvæði siðareglna bæjarfulltrúa. Samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar er skráning valkvæð þar sem ekki sé kveðið á um slíka skyldu í lögum og byggist sú nálgun á samráði við Persónuvernd við endurskoðun reglnanna á árinu 2020. Er lagt til að sambærileg nálgun verði höfð við endurskoðun reglna Mosfellsbæjar á meðan ekki liggur fyrir skýr lagastoð fyrir skyldu til slíkrar skráningar persónuupplýsinga.

Samkvæmt reglunum ber bæjarráði að samþykkja rafrænt skráningarblað og er fyrirhugað að það verði lagt fyrir bæjarráð í kjölfar afgreiðslu bæjarstjórnar.

### Tillaga:

Lagt er til að bæjarstjórn samþykki fyrirbyggjandi fyrirbyggjandi reglur um fjárhagslega hagsmuni bæjarfulltrúa og trúnaðarstörf þeirra utan bæjarstjórnar.

Virðingarfyllst,

Arnar Jónsson  
starfandi bæjarstjóri

Þóra M. Hjaltsted  
lögmaður